

Ákvæði til bráðabirgða.

Ferðaskrifstofur þær, sem öðlast hafa leyfi og eru starfandi við gildistöku laga þessara, skulu innan 6 mánaða frá gildistöku laga þessara leggja fyrir ráðuneytið tryggingarskiloríki í samræmi við 2. gr. laga þessara og reglur þær, sem ráðuneytið setur, og eiga þær þá rétt til að fá útgefin ný leyfi.

Sé trygging samkvæmt 2. gr. laga þessara ekki sett innan tilskilins frests, falla leyfi niður.

Gjört í Reykjavík, 31. desember 1968.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

L Ö G

um breyting á lögum um vörumerki, nr. 47 2. maí 1968.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „Lög þessi öðlast þegar gildi“ í 48. gr. laga um vörumerki, nr. 47 2. maí 1968, komi: Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1969.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 13. desember 1968.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Jóhann Hafstein.